



Rauðar rósir í barmi á afmælinu. — Ljós.: Mbl. Ól. K. M.

# Reykjavíkur Apótek heiðraði nýlega aspirínið sérstaklega

## 40 ár síðan Scheving Thorsteinsson tók við því

**AFGREIÐSLUSTÚLKURNAR** í Reykjavíkur Apóteki báru rauðar rósir í barmi í fyrradag, og þær höfðu gert dálitla veggskreytingu í afgreiðslusalnum. Þetta stóð í sambandi við það, að þá voru liðin 40 ár frá því að Scheving Thorsteinsson lyfsali tók við forstöðu apóteksins, sem þá var jafnframt eina apótekið í Reykjavík.

Ég fékk lyklna að kvöldi 30. júní og fór þá beint á kvöldvaktina, því fyrstu tvö árin gekk ég á móti samstarfsmönnum mínum hér fastar næturvaktir, tvisvar í viku.

Þannig komst Scheving að orði í gær í stuttu viðtali við Mbl. af þessu tilefni. Í samtali þessu kom margt skemmtilegt fram, þó ekki stæði það lengi yfir.

Það voru ekki margir starfandi læknar hér í bænum í þá daga. Nú er aðeins einn þeirra enn að störfum og síkvíkur sem í gamla daga vinur minn Halldór Hansen.

Þegar ég hóf störf hér, voru nær öll meðöl í fljóttandi formi. — Til dæmis um vinsælt meðal má nefna Kinadropa. Það má segja að lyf í töflumformi hafi verið almenníngi óþekkt. Það liggur við að segja meg, að töflur hafi ekki þekkt hér á landi fyrr en í spönsku veikinni. Þá var það aspirínið, sem menn fengu fyrstu kynnin af. Það kom þó hingað til lands fyrst árið 1905. Minn ágæti fyrirrennari og húsbóndi sem enn er á lífi hafði fengið það frá Frakklandi. En þegar pöntunin svo kom, voru það 5000 glös m 20 stk. í eða 100 þús. Ég man að Cristensen hafði áhyggjur af þess um mistökum og hélt að hann myndi ekki lífa það að selja allt þetta magn. En þetta hvarf allt á svipstundu þegar spænska veik in herjaði hér.

Nú hefur sú breyting á orðið, að lyf eru nú langsamlega flest í föstu formi, í stað mixturu og dropa. Nú sláum við hér í Reykjavíkur Apóteki sjálfir 18.000.000 af hvers konar lyfjatöflum, en að auki eru sva töflulyfin, sem flytja þarf inn frá lyfjaverksmiðjum, er hafa einkaleyfi til framleiðslu hinna ýmsu lyfja.

— Hér skaut Scheving inn

stuttri frásögn af því, að hann hafi fyrir skömmu, er hann tók í notkun nýja kaffistofu fyrir starfsfólkið, heiðrað eitt lyf sérstaklega. Ekkert lyf, sem fram hefur komið, hefur enn sem komið er línað þrautir eins mragra manna, að minni hyggu, sagði Scheving, og því fannst mér viðeigandi að heiðra það. Þetta lyf heitir Aspirín, og lét ég mála formúluna að því á einn vegg kaffistofunnar, en á hinum veggjunum eru endurprentanir isl. listaverka.

En þér munuð hafa ætlað að spyrja mig eitthvað um apótekið og starfsemina. Hún hefur vaxið

eins og geta má nærri. Þegar ég byrjaði voru hér alls 10 starfsmenn, nú eru þeir 42. Við höfum orðið að leggja undir okkur 2 hæðir hér í húsinu og nokkurn hluta þriðju hæðarinnar. Hér hefur lengst starfað með mér bókarinn, Þorlákur Arnórsson, sem eins og ég átti starfsafmæli 1. júlí, — 38 ár er hann búinn að vera hér við störf sín. Þá hefur Sigurður Ólafsson apótekari, verið mín hægri hönd og staðgengill mörg undanfarin ár. Já, eins og Reykjavík hefur breytt síðan ég tók við Reykjavíkur Apóteki fyrir 40 árum, hafa líka orðið stórstígar framfarir á sviði lyfjafræðinnar, en það er löng saga að rekja hana svo að gagni sé, sagði Scheving Thorsteinsson.

# Dagskrá vígslumótsins og „borgaliðin“

- I. Föstudagur 3. júlí:**
  - Kl. 20,30 Skráðganga.
  - 20,35 **Ávörp:** Borgarstjórnin í Rvík, Gunnar Thoroddsen. Form. Íþróttabandalags Reykjavíkur, Gísli Hall dórssson.
  - 20,55 Bæjakeppni í frjálsum íþróttum milli Málmeyjar og Reykjavíkur. Fyrri dagur. — (Lokið um kl. 22,00).
- II. Laugardagur 4. júlí:**
  - Kl. 14,00 Leikfimisýning stúlkna úr Glimufélaginu Armanni, undir stjórn Guðrúnar Nielsen. — Undirleikur annast Carl Billich. — Fyrri hluti.
  - 14,06 Glimusýning. Glimumenn úr Glimufélaginu Armanni og Ungmenna félagi Reykjavíkur. — Stjórnandi Lárus Salómonsson.
  - 14,22 Síðari hluti leikfimisýningar stúlkna úr Glimufél. Armanni.
  - 14,30 Keppni í frjálsum íþróttum milli héraðasambanda utan Rvíkur og B-liðs Íþróttabandalags Reykjavíkur. Fyrri dagur.

- 16,05 Knattspyrnukeppni milli úrvalsliða úr héraðsamböndum utan Reykjavíkur og Íþróttabandalagi Reykjavíkur. (Lokið um kl. 17,45).
- III. Laugardagur 4. júlí:**
  - Kl. 20,00 Leikfimisýning úrvalsflokka karla úr Glimufél. Armanni, Íþróttafélagi Reykjavíkur og Knattspyrnufél. Rvíkur. — Aðalstjórnandi: Benedikt Jakobsson.
  - 20,15 Leikfimisýning úrvalsf. karla frá Íþróttabandalagi Ísafjarðar. — Stjórnandi Bjarni Bachmann.
  - 20,35 Bæjakeppni í frjálsum íþróttum milli Málmeyjar og Reykjavíkur. Síðari dagur. (Lokið um kl. 21,45).
- IV. Sunnudagur 5. júlí:**
  - Kl. 20,00 Þrjú knattleikir samtímis (2x15 mín.)
    - 1) Körfuknattleikur: Þýskalandsfarar Íþróttafél. Reykjavíkur — Úrvalslið.
    - 2) Handknattleikur kvenna: Landslið — Úrvalslið.
    - 3) Handknattleikur

- karla: Hafnarfjörður — Reykjavík.
- 20,30 Keppni í frjálsum íþróttum milli héraðsambanda utan Rvíkur og B-liðs Íþróttabandalags Reykjavíkur. — Síðari dagur. — (Lokið um kl. 22,15).

★

**FRJÁLSPRÓTTARÁÐ** Reykjavíkur hefur valið liðið, sem á að keppa gegn Málmey í bæjakeppni inni á vígslumótinu um helgina. Fara hér á eftir nöfn manna beggja liða, í svigum beztu árangur Svianna.

**100 m hlaup:**  
Hilmar Þorbjörnsson og Guðjón Guðmundsson.  
Björn Malmroos (10,6), Bertil Nordbeck (10,8), báðir landsliðsmenn.

**200 m hlaup:**  
Guðjón Guðmundsson og Valbjörn Þorláksson.  
Malmroos og Bertil Nordbeck.

**400 m hlaup:**  
Hörður Haraldsson og Þórir Þorsteinsson.  
Malmroos og Bertil Anderson, 48,5 og 49,0.

**800 m hlaup:**  
Hörður Haraldsson og Svavar Markússon.  
Bosse Karlsson (1,54) og Olle Sjöstrand (1,55).

**1500 m hlaup:**  
Svavar Markússon og Reynir Þorsteinsson.  
Bo Karlsson (3,57) og Leif Persson (4,02).

**3000 m hlaup:**  
Kristleifur Guðbjörnsson og Kristján Jóhannsson.  
Stig Jónsson og Áke Nilsson; Jónsson keppti á EM í fyrra.

**5000 m hlaup:**  
Kristleifur Guðbjörnsson og Kristján Jóhannsson.  
Stig Jónsson og Áke Nilsson. Jónsson hefur hlaupið á 14,35.

**110 m grind:**  
Björgvin Hólm og Guðjón Guðmundsson.  
Per Sjögren og K. J. Eriksson, báðir 15,5.

**400 m grind:**  
Guðjón Guðmundsson og Sigurður Björnsson.  
Per Sjögren (50,0) og Kj. Áke Gunnarsson (57,0).

**Hástökk:**  
Jón Pétursson og Jón Ólafsson. Nils Bertil Nevrup, fyrrverandi sænskur meistari, og Bo Landin, báðir 1,90.

**Langstökk:**  
Einar Frimannsson og Björgvin Hólm.  
Jan Stranberg (6,87) og Bengt Palm.

**Stangarstökk:**  
Valbjörn Þorláksson og Hreiðar Georgsson.  
Tore Carbe (4,07).

**Prístökk:**  
Ingvar Þorvaldsson og Björgvin Hólm.

**Spjótkast:**  
Björgvin Hólm og Jóel Sigurðsson.  
Jan Stranberg (63).

**Sleggjukast:**  
Þórður B. Sigurðsson og Friðrik Guðmundsson.  
Lars Rocksén og S. G. Hassland (báðir yfir 50 m).

**Kúluvarp:**  
Gunnar Huseby og Hallgrímur Jónsson.  
T. von Wachenfelt (16,00) og Leif Jónsson (14,00).

**Kringlukast:**  
Þorsteinn Löve og Friðrik Guðmundsson.  
Leif Jónsson (45) og Wachenfelt (42).

**4x100 m:**  
Nordbeck, Malmroos, Palm og Sjögren, 41,7.

**4x400 m:**  
Andersson, Malmroos, Strandberg og Karlsson. (Báðar boðhlaupssveitirnar eru sænskir meistarar).

# STAKSTEINAR

## Á að hengja Hannibal?

Alþýðublaðið segist í gær hafa „hlerað“:

„Að ástandið sé þannig í kommu únistaflokknum (Alþýðubandalaginu) eftir kosningaósigurinn, að flokksforystan komist ekki hjá því að tilnefna sökudólg til hengingar. — Líklegasti kandidatin: Hannibal.“

## „Blygðunarlaus kosningaáróður“

### í blekkingarskyni“

Þjóðviljinn fer enn í gær hörðum orðum um baráttuaðferðir Framsóknar nú og heimfærir þær undir ofangreind orð Blaðið segir:

„En strax á mánudaginn skrifaði hinn nýkjörni þingmaður, Þórarinn Þórarinnsson, Timann í alveg nýrri tóntegund. Um nóttina virtust öll viðhorf hafa breytt, nú voru mennirnir sem daginn áður kusu samkvæmt beiðni Tímans til þess eins að bjarga áttögum sínum frá glötun, allt í einu orðnir gallharðir fylgjendur Framsóknarflokksins, allir sem kusu Framsóknarframþjóðendur á sunnudaginn voru á mánudag orðnir fylgisaukning Framsóknar, og hrósað var happi að Framsókn hefði aldrei áður átt jafnmarga kjósendur.“

## Ný Framsóknar-brella?

Þá heldur Þjóðviljinn áfram í forystugrein sinni:

„Svo virðist sem enn lengra hafi verið gengið í blekkingar-átt. Það hefur komið í ljós eftir kosningarnar að ýmsum hefur komið mjög á óvart að talað er um eins og sjálfsagt mál að flokkarnir þrjú sem að kjörðæmabreyt ingunni standa geti samþykkt hana nú á sumarþinginu. Þeim hafði verið talin trú um að fengi Framsóknarflokkurinn þriðjung þingmanna gæti hann stöðvað stjórnarskrárfurvarpið, því tvo þriðju þingmanna þyrfti til að samþykkja stjórnarskrárfurvarp! Þeir sem þannig áróður reka eru sannarlega ekki vandir að bardagaáferðum. En blekkingaráróður Framsóknarflokksins í þessum kosningum á eftir að hefna sín.“

Þjóðviljinn áréttar þetta í sérstakri grein og lýkur henni svo:

„Þeir sem blekkir höfðu verið með þessum ósvífna áróðri, þar sem logið er til um landslög — — — munu ekki eiga lengur pólitíska samleið með þeim, sem þannig fóru að ráði sínu. Enda eiga þeir sem slíkum baráttuaðferðum beita ekki annað skilið en að fá pólitískan skell, og það munu þeir fá þegar fólk sé hvernig það hefur verið blekk.“

## Framsókn það um hjálp

### Sjálfstæðismanna

Timinn heldur áfram að bjóðast til að innbyrða hina V-stjórnarflokkana og segir það síður en svo sennilega skýringu, að þeir hafi tapað á óvinsældum V-stjórnarinnar og segir:

„Það er þessi nána samvinna Alþýðuflokksins og Alþýðubandalagsins við Sjálfstæðisflokkinn, sem á megin þátt í ósigrunum þeirra í kosningunum á sunnudaginn.“

En tap þessarar flokka nú er framhald taps þeirra í bæjarstjórnarkosningunum. Alþýðuflokkurinn hefur þó stórlega rétt sig eftir að hafa losnað úr faðmi Framsóknar. Og hver sótti ákafast eftir að komast í þjóðstjórn með Sjálfstæðismönnum nú annar en Framsóknarflokkurinn?